Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Ársáskrift..........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift..1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)........5000 kr

12. tölublað — Þriðjudagur 5. apríl. — 6. árgangur — Verð kr. 60.

Fullar vísitölu bætur á öll laun

Um hvaða launaupphæð, sem samið verður í næstu samningum, er alveg ljóst að launahækkunin verður næsta gagnslaus ef ekki verður samið um fullar vísitölubætur á launin. Í síðustu samningum var samið um "rauðu strikin" svonefndu sem virka þannig að ef verðbólgan fer yfir visst mark eru greiddar bætur sem svara því sem yfir markið er farið. Þess er gætt að hafa strikin svo ofarlega að möguleiki sé á að halda verðbólgunni innan rammans en stundum tekst það þó ekki.

Vísitalan er yfirleitt reiknuð út á þriggja mánaða fresti. Þegar vísitöluhækkun á laun tekur gildi, t.d. fyrsta mars, byrjar ný verðhækkanaalda sem smáfjarar út undir lok tímabilsins hverju sinni. Ekki þarf raunar að lýsa þessu, allir þekkja þetta. En þannig eru verðhækkanir, sem koma 2. mars, óbættar til 1. júní ef vísitalan virkar á þriggja mánaða fresti. Það er því ljóst að vísitala, reiknuð út mánaðarlega er miklu meiri vörn gegn verðhækkunum Verðhækkunin 2. mars yrði nú bætt 1. apríl í stað 1. júní Um hvaða krónutöluupphæð sem samið verður hljóta kjörorðin að vera þessi: BURT MEÐ "RAUÐU STRIKIN", "FULLAR VÍSITÖLUBÆTUR MÁNAÐARLEGA".

Fundur í Háskólabíói og AB-Forystan

30. mars s.l. var haldinn baráttufundur á vegum Samtaka Herstöðvaandstæðinga í Háskólabíói. Rúmlega 2000 manns sóttu fundinn og sýnir það vel hversu víðtæk áhrif andstæðingar NATO og hersins hafa nú. Fyrir fáum árum gengust íhaldsmenn fyrir söfnun undirskrifta til að styðja NATO og veru hersins og varð allvel ágengt. Nú hefur ástandið hins vegar breyst fullkomlega. Frá því Keflavíkurgangan var haldin í fyrra, hafa herstöðvaandstæðingar sífellt unnið á og samtök þeirra eru nú stærsta og virkasta fjöldahreyfing á Íslandi.



Nokkur deyfð var á fundinum.

Þrátt fyrir fjölmennið, var fundurinn nokkuð daufur. Þar var fyrst og fremst um að kenna vali á ræðumönnum, sem helst lögðu áherslu á að sannfæra fundarmenn um að þeir ættu að vera hernámsandstæðingar. Fjöldinn hefur fyrir löngu gert sér grein fyrir að hann á í baráttu við bandarísku heimsvaldastefnuna og hann hefur sýnt rækilega, að hann er fullkomlega reiðubúinn til að herða baráttuna gegn NATO og veru hersins hér á allan hátt. Miðnefnd herstöðvaandstæðinga er hins vegar ekki eins baráttufús og skyldi. Hún dregur úr baráttunni og vill t.d. ekki standa að Keflavíkurgöngu í ár. Á fundinn skorti líka baráttuanda og andstöðu ræðumanna við heimsvaldastefnu Sovétríkjanna, auk þess sem ekki var hafður neinn fjöldasöngur, eins og oft áður. Á stórum fundum sem þessum, er skilyrðislaust nauðsynlegt, að herða baráttuhug fólks og leggja fram áætlanir um framhald baráttunnar. Herstöðvaandstæðingar vilja baráttu en ekki meinlausar prédikanir.

Ætla AB-foringjarnir að notfæra sér baráttuna í kosningaskyni?

Margt bendir til þess, að Miðnefnd, sem að meirihluta er samsett úr AB-mönnum, hafi í hyggju að láta fjöldabaráttuna dankast, samtímis því sem styrkur og vinsældir samtakanna verði notaðar í kosningaáróðri Alþýðubandalagsins. En ef tilraunir verða gerðar til slíks, mun það aðeins leiða af sér klofningshættu og starfslömun. Nú verður þegar að hefjast handa við undirbúning Keflavíkurgöngu, efla þátttöku fjöldans í starfinu og herða róðurinn gegn NATO og veru hersins hérlendis.

Fjöldabaráttan er eina leiðin til þess að skapa forsendurnar fyrir brottrekstri hersins og úrsögn Íslands úr NATO. Að vísu er herstöðvaandstæðingum stuðningur í baráttu á þingi, en hún getur aldrei orðið annað en stuðningur við baráttu fjöldans. Sagan hefur kennt okkur að íhaldið og þjónar bandarísku heimsvaldastefnunnar hér á landi, munu ekki skirrast við að brjóta lög til þess að halda verndurum sínum hér á landi. Þess vegna verður að leggja aðaláhersluna á baráttu og starf fjöldans.

Hjúkrunarfræðingar fresta aðgerðum

Í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar var birt viðtal við 2 hjúkrunarfræðinga, sem skýrðu deilur þeirra við ríkisvaldið vel út fyrir lesendum blaðsins. Nú hafa hins vegar skipast veður í lofti og á almennum fundi hjúkrunarfræðinga, sem haldinn var eftir að Borgarstjórn Reykjavíkur og Fjármálaráðuneytið hafði sent Bænarbréf til hvers einstaks hjúkrunarfræðings á spítölunum sem átti að loka, var ákveðið að fresta aðgerðunum fram á haust. Orsakirnar eru þær að þá mun væntanlega fást stuðningur frá hjúkrunarfræðingum á Landsspítalanum, sem er langstærsti spítalinn í Reykjavík og auk þess hafa hinir háu herrar í Borgarstjórn og Fjármálaráðuneytinu lofað hjúkrunarfræðingum hagstæðum samningum og kjarabótum, ef þær bíða til haustsins. Nú er bara eftir að sjá hverjar efndirnar verða. Stéttabaráttan álítur, að vart sé að treysta á orð stjórnarherranna í þessum efnum sem öðrum. Íslensk verkalýðshreyfing hefur alltof oft treyst loforðum ríkisstjórnar innar um stöðugt verðlag, kjarabætur, lækkun skatta o.s.frv.. og fengið skell á eftir þegar loforðin voru svikin. Hjúkrunarfræðingar verða að vera fyllilega á varðbergi gagnvart svikum ríkisstjórnarinnar þegar samningar hefjast.

Sovésk innrás í Zaire

Sovésk innrás í Zaire.

Sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir hafa nú enn aukið íhlutun sína og útþenslu í Afríku. Það sýnir vopnuð innrás nokkur þúsund málaliða inn í Katangahérað lýðveldisins Zaire, sem greinilega er stýrt og skipulögð af sovéskum hernaðarsérfræðingum í Angóla. Íhlutunarpólitík sósíalheimsvaldasinna hófst eins og kunnugt er með þátttöku kúbanskra málaliða, sem búnir voru þungum sovéskum vopnum. í borgarastyrjöldina í Angóla. Enn eru um 20 þúsund málaliðar í Angóla og að auki eru þar 1200 sovéskir "tækniráðgjafar". Í rauninni ræður sovéski "Yfirhernaðarráðgjafinn" fullkomlega yfir vörnum landsins. Og síðan MPLA tók völdin í Luanda með sovéskri og kúbanskri aðstoð, hafa rússar unnið leynt og ljóst að því að koma landinu algerlega undir sovésk yfirráð. Angólskur efnahagur er nú í molum og aðalútflutningsvörur landsins, kaffi og demantar, eru seldir til Sovétríkjanna langt undir heimsmarkaðsverði. Angóla er nú bakland sovéskrar íhlutunar í S-Afríku.

Árásin á Zaire.

Afrísk blöð hafa hvað eftir annað bent á, að vopnuð íhlutun rússa í Angóla "hafi það að markmiði að gera landið að stökkpalli til að koma mið-, austur- og suður-Afríku undir drottnun sína". Þegar í janúar 1976 gerðu málaliðar sovétmanna sprengjuárásir á landamæri Zaire. Núverandi innrás er af mikið stærri toga. Þeir sem taka þátt í innrásinni eru fyrrverandi herlögreglumenn, sem flúðu frá Katanga til Angóla. Þeir komu áður við sögu þegar sovétmenn beittu þeim fyrir sig í árásum á Angólska alþýðu. Þeir eru búnir sovéskum eldflaugabyssum og flugskeytum og undir yfirstjórn sovéskra hernaðarsérfræðinga. Árás leiguliðanna er gerð á sama tíma og efnahagslegir erfiðleikar steðja að Zaire. Dagblöðin í Zaire hafa bent á að "sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir völdu þennan tíma til að koma okkur í opna skjöldu". Þetta sýnir ljóslega að innrásin er vel undirbúin.



Fíðel Kastró, ósvífinn tals- og baráttumaður fyrir glæpaverkum sósíalheimsvaldastefnunnar.

Stjórn Zaire hefur nú slitið öllu stjórnmálasambandi við Kúbu vegna þáttöku kúbanskra og kúbansk þjálfaðra hermanna í árásinni frá Angóla inn í landið. Herlið Kastrós hefur því bætt enn einu landinu á listan yfir hernumdar lendur sósíalheimsvaldastefnunnar: Getur það nú dulist fyrir einhverjum hver raumveruleg ætlan herrana í Kreml var með "aðstoðinni" í Angóla. ?Eða er enn ætlunin að loka augunum fyrir staðreyndum?

Áróður Kreml-herranna.

Tass-fréttastofan hefur undanfarið rekið mikinn áróður fyrir svonefndu vináttusambandi Sovét og Angóla, sem virðist benda til þess að þeir hyggist sýna Angóla vinarþel sitt, með aðstoð við innrásina í Zaire. Sérstaklega er áróðursbragð sósíalheimsvaldasinnanna, sem er löngu orðið útjaskað af heimsvaldasinnum, ógeðfellt, en Tass-fréttastofan lýsti því yfir, þegar innrásin í Zaire var gerð, að um uppreisn í suðurhluta Zaire væri að ræða og talaði síðar um að innrásin væri innanríkismál Zaire, sem engum kæmi við. Sovésku heimsvaldasinnarnir þykjast vera að styðja "þjóðfrelsisstríð" í Zaire, en í rauninni eru þeir aðeins að efla ítök sín í S-Afríku með innrás og vopnaðri íhlutun í landið. Afrísk alþýða mun án alls efa endurgjalda nýlenduherrunum í Kreml fyrir ódæði þeirra.

(Byggt á Hinshua)

Til áskrifenda

Undanfarið hefur brotthlaupsliðið, sem sveik flokkinn verið önnum kafið við neðanjarðarstarf sitt. Þessir einstaklingar hafa, í samráði við EIKm-l hafið áróðursherferð gegn flokknum, af lúalegasta tagi. Þeir hafa haft samband við áskrifendur STÉTTABARÁTTUNNAR bæði bréflega og munnlega og beðið þá um að segja upp blaðinu, en gerast áskrifendur að Verkalýðsblaði EIK í staðinn. Þessar trotskísku starfsaðferðir og baktjaldamakk, sína enn einu sinni hið rétta klofnings og skemmdarverkaeðli þessa hóps. STÉTTABARÁTTAN hvetur áskrifendur sína til að sýna þessum sundrungarmönnum fyrirlitningu sína og láta jafnframt ritnefnd blaðsins vita, ef þeir gera vart við sig.

Burt með klofningsliðið, fyrir einingu verkalýðsins undir forystu Kommúnistaflokks Íslands.

LEIÐARI

Samstaða vinnandi stétta

Auðvaldskreppan fer dýpkandi, og í kjölfar hennar reynir borgarastéttin að velta byrðum kreppunnar yfir á herðar verkalýðsins og alls hins vinnandi fjölda. Kjaraskerðingarnar sem dunið hafa yfir á síðustu árum eru bara forsmekkurinn af því, sem koma skal, ef verkalýðurinn snýst ekki til varnarbaráttu. Kommúnistaflokkurinn er eina stjórnmálaaflið á Íslandi, sem stendur í fortakslausri andstöðu við ríkjandi þjóðskipulag og arðránið sem af því hlýst. Hægri flokkarnir Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn eru beinir og opinberir fulltrúar stórauðvaldsins. Stefna þeirra, er að auka gróða auðvaldsins á kostnað hins vinnandi fjölda með hertum kjaraskerðingum og aukinni skattpíningu. Þetta sannast af stjórnarferli þessara flokka, sem fært hafa efnahag landsins fram á heljarþröm. Skuldir Íslands við erlenda aðila nema milljörðum og þó ætla stjórnarflokkarnir tveir að opna landið fyrir frekari erlendum fjárfestingum og auka þannig íhlutun og ítök erlendra auðhringa á Íslandi. Alþýðuflokkurinn og Samtökin eru sem óðast að missa fótanna í stjórnmálunum. Það sem heldur þeim enn á floti, er einvörðungu ríkisstyrkurinn sem þeir njóta vegna þingsæta sinna. Þeir eru sviptir fylgi og stuðningi fjöldans og stefna þeirra snýst æ meir á sveif með hægri flokkunum. Tækifæristefnan er höfð í fyrirrúmi og bæði þessi flokksbrot víla ekki fyrir sér að selja stefnu sína, ef embætti eða stjórnarsæti eru í boði.

Alþýðubandalagið snýst í orði gegn auknu arðráni og skattpíningu og gegn erlendri íhlutun á Íslandi. En seta þess í síðustu stjórn sýnir ljóslega, að andstaða þeirra er sprottin af áhuga fyrir ráðherrasætunum. Meðan AB er í stjórnarandstöðu þykist það gegna hagsmunum fólksins, en jafnskjótt og foringjar þess eru sestir í stjórnarstólana, hefja þeir að þjóna stórauðvaldinu með engu minna kappi en hægri flokkarnir. Þannig stóð vinstri stjórnin að gengisfellingu krónunnar, kippti vísitölunni úr sambandi og stóð að samningum við erlenda auðhringi eins og Union Carbide um rekstur stóriðjuvera hérlendis. Heilindi AB-foringjanna sýna sig glöggt þegar þeir setjast í ráðherrastólana. Þá er öllum kosningaloforðum sleppt og bein og opin þjónusta við stórauðvaldið kemur í staðinn. Gegn borgaraflokkunum verður verkalýður Íslands að sameina allan hinn vinnandi fjölda smábænda og starfsfólks að baki sér, til að hrinda kjaraskerðingarárásinni og hertri skattpíningu. Samstaða vinnandi stétta Íslands er eina tryggingin fyrir því, að takast megi að vernda efnahagslegt og pólitískt sjálfsforræði Íslands gegn ágangi risaveldanna og annarra heimsvaldaríkja. Kommúnistaflokkurinn berst fyrir slíkri samstöðu og verkefni hans er að skapa volduga verkalýðsfylkingu gegn arðráni, fasistíseringu ríkisvaldsins og erlendri íhlutun í málefni Íslands. Þess vegna verða vinnandi stéttir Íslands að fylkja sér að baki stefnumálum kommúnista - gegn kapítalismanum og fyrir sósíalískri byltingu á Íslandi.

4.4. ´77.

Palestínunefnd stofnuð á Íslandi!

Á sunnudaginn 27. mars var íslenska Palestínunefndin formlega stofnuð. Á stofnfundinum var samþykkt stefnuskrá nefndarinnar og starfsgrundvöllur og kjörin fyrsta stjórn nefndarinnar. Formaður Íslensku Palestínunefndarinnar var kjörinn Ástvaldur Ástvaldsson. Stéttabaráttan fagnar stofnun Íslensku Palestínunefndarinnar, það er mikilvægt spor í uppbyggingu fjöldahreyfingar til stuðnings hinni hetjulegu baráttu pelestínskrar alþýðu. Palestínska byltingin er framvarðarsveit í byltingarbaráttunni gegn heimsvaldastefnunni. Á henni hvílir mikil ábyrgð og mikilvægt forystuhlutverk. Það er skylda Íslensks verkalýðs að veita baráttu hennar allan hugsanlegan stuðning. Stéttabaráttan mun skýra nánar frá Íslensku Palestínunefndinni í næsta blaði.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810

Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.

Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.

Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7

Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.

Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c Keflavík.

Barátta fyrir 35 stunda vinnuviku í Danmörku

Almenningsvagnakerfi Kaupmannahafnar gekkst í gegnum mikla samræmingu og endurskipulagningu 1. október 1974 þegar 12 litlum almenningsvagnafyrirtækjum var slegið saman. Í framhaldi af því kom nýtt leiðakerfi sem þýddi aukið álag á vagnstjórana. Til að berjast fyrir bættum kjörum og betri vinnuaðstöðu, vegna nýja leiðakerfisins, hafa vagnstjórar skipulagt sig og fóru í skæru verkfall í ágúst 1976.

Í viðtali við Arbejderavisen, kemur fram að launakröfur þeirra hljóða upp á lífvænleg laun fyrir 35 stunda vinnuviku. Einn af viðmælendum Arbejderavisen sagði um 35 tíma kröfuna, "Við verðum að viðurkenna að kröfurnar, sérstaklega 35 stunda krafan, er langtímakrafa. Það er krafa sem í dag verður að skapa skilning á, þannig að við getum við síðari samninga safnað svo miklum styrk um hana, að hún náist í gegn."

Þó þessar launakröfur hafi náðst fram á fundum verkalýðsfélaganna, hefur ástandið versnað, eftir að samkomulag var gert milli danska Alþýðusambandsins og ríkisstjórnarinnar í síðasta mánuði. Þar var ákveðið að hið svokallaða ágústsamkomulag danska þingsins skyldi vera rammi fyrir komandi samninga, það er að laun skuli ekki hækka meira en 6% næstu tvö árin.

Við spurningu Arbejderavisen um hvort kröfurnar náist fram í komandi samningum, svaraði hann: "Sambandið okkar DKA (Dansk Kommunalarbejderforbund) og verkalýðsfélagið styður ágústsamkomulagið, þannig að útlitið er ekki sérlega gott. Og ríkisstjórnin hótar að taka í taumana ef farið verður yfir launarammann. Í þannig ástandi getum við ekki búist við að verkalýðsfélagið eða sambandið setji sig upp á móti launarammanum."

Barátta danskra almenningsvagnsstjóra er lærdómsríkt dæmi fyrir íslenska verkamenn. Og ágústsamkomulagið er nákvæmlega hliðstætt kröfugerð ASÍ í dag, þar sem baráttunni fyrir lífvænlegum launum fyrir 40 stunda vinnuviku er hafnað. Íslenskur verkalýður hefur dregist ört aftur úr stéttarbræðrum sínum á Norðurlöndum, þó sérstaklega á undanförnum árum. Enda er sú stefna einkennandi fyrir íslensk verkalýðsfélög, enn frekar en hjá verkalýðsfélögum hinna Norðurlandanna, að yfirgefa markvissa baráttu fyrir lífvænlegum launum fyrir dagvinnuna en stilla upp kröfum um ákv. krónuupphæð, eða prósentuhækkun, sem algerlega er slitin úr tengslum við það sem verkafólk þarfnast sér til lífsviðurværis. Þessum kröfum er svo náð að nokkru leyti með stighækkunum yfir langt tímabil, þannig að raungildi launa hækkar ekki, eða eins og við höfum áþreifanlega orðið vör við núna síðustu ár, þau lækka.

Svona vinnubrögð þjóna engum öðrum tilgangi en að þreyta verkalýðinn og gera hann fráhverfan því að fara út í baráttu. Því er sá, sem tekur afstöðu gegn kröfu verkafólks fyrir lífvænlegum launum fyrir 40 stunda vinnuviku, í þjónustu atvinnurekenda, á sama hátt og verkalýðsforystan hvort sem það er á Íslandi eða í Danmörku



Baráttan fyrir lífvænlegum launum fyrir 35 stunda vinnuviku hefur verið tekin upp á fleirri vinnustöðum í Danmörku. Tildæmis fóru verkamennirnir á næststæsta vinnustaðnum B&W í verkfall til að berjast fyrir þeim kröfum, en urðu að gefast upp vegna svika verkalýðsforystunnar.



ÚR BARÁTTUNNI

SKRÚFUR Á HÖFNINNI

Brögð eru að því á höfninni að verkstjórar reyni að auka vinnuálag verkamanna með því að fækka mönnum í svokölluðum gengjum, þ.e. 8 manna hópum sem vinna í lestum við út- og uppskipun. Samningar kveða á um að eigi skuli þeir vera færri en 8 og því hafa verkamenn fullan rétt til að leggja niður vinnu séu þeir færri, þar til talan hefur verið uppfyllt. Atvinnuöryggið er þó lítið og áhættan um atvinnumissi mikil, sérstaklega fyrir eldri verkamenn, sem eiga erfitt með að fá nýja vinnu. Stéttvísustu verkamennirnir leggja þó hiklaust niður vinnu, þegar slíkum brögðum er beitt til að auka vinnuálag þeirra. Það er mjög jákvæð þróun hjá hafnarverkamönnum sem eflir samstöðu þeirra og stéttarvitund. Baráttan er eina leiðin fyrir kjarabótum og gegn kjaraskerðingum.

Um njósnir.

Um langan aldur hefur borgarastéttin og erlendar leyniþjónustur stundað njósnir um félaga í vinstri - hreyfingunni á Íslandi. Það er engin ný bóla, að fylgst sé náið með starfi og umsvifum samtaka og flokka, sem borgarastéttin álítur vera sér hættulega. Þannig hefur bandaríska leyniþjónustan safnað spjaldskrá yfir flesta meðlimi vinstri-hreyfingarinnar og meðlimi samtaka eins og Víetnam-nefndarinnar, Samtaka Herstöðvaandstæðinga og fleiri slíkra samtaka.

Fyrir fáeinum árum, var miðstjórnarfélögum Kommúnistasamtakanna hótað allt að 6 ára fangelsi fyrir landráð, ef þeir stæðu fyrir herskáum mótmælaaðgerðum við komu Nixons Bandaríkjaforseta og Pompidou Frakklandsforseta, sem þá þinguðu hér. STÉTTABARÁTTAN hefur heimildir fyrir því, að sérstök deild sé starfrækt í íslensku lögreglunni, sem hafi það að sérverkefni, að njósna um starfsemi vinstri-hreyfingarinnar. Grétar Norðfjörð, leynilögreglumaður, sem verið hefur nærstaddur með myndavélina á lofti við allar helstu fjöldaaðgerðir Kommúnistaflokksins og allra andheimsvaldasinna á tilvist þessara persónunjósna, sem eru hreint lögbrot og árás á mannréttindi þeirra. Við verðum að fletta ofan af slíkri starfsemi og eyðileggja möguleika lögreglunnar og erlendra njósnaþjónusta, eins og CIA og KGB, á að stunda símahleranir, opnun á pósti og aðrar persónunjósnir. Ef lesendur þekkja til slíkrar starfsemi lögreglunnar eða annarra aðila, ættu þeir að gera okkur aðvart sem fyrst.



Baráttan fyrir 8 stunda vinnudegi er jafngömul verkalýðshreyfingunni

Stéttarbarátta og skipulagning íslensks verkalýðs beið mikið afhroð árið 1938, þegar Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður. Sú víðtæka samfylking, sem KFÍ hafði byggt upp og stjórnaði, leystist upp og fylkingarnar gliðnuðu. Árangur baráttunnar var étinn upp af kjarakerðingarpólitík auðvaldsins og verkalýðnum kastað áratugi aftur á bak, hvað varðar skipulagningu og stéttvísi.
Í dag hafa kratarnir vissulega glatað fylgi og tiltrú verkalýðsins og breyst í hægrisinnaðann hentistefnuflokk, sem hefur algerlega svikið allt sem hann stóð fyrir við stofnun 1916. En nýjir menn hafa axlað hempu svikarans í verkalýðshreyfingunni. Þeir menn sem hvað harðast börðust fyrir 8 stunda vinnudegi á 4. áratugnum, eru nú komir í sömu aðstöðu og kratarnir voru þá. Eðvarð Sigurðsson og aðrir foringjar Alþýðubandalagsins, gegna nú hlutverki borgaralegra talsmanna í verkalýðshreyfingunni. Þeir eru launaðir af auðvaldinu og fjandmenn verkalýðsins. AB-foringjarnir og fylgismenn þeirra meðal smákratanna hafa snúist gegn kröfunni um 40 stunda vinnuviku á lífvænlegum launum. AB-foringjarnir af tillitssemi við atvinnuvegina og þjónkun við auðvaldið. Aftanínossar þeirra í EIK og Fylkingunni af ótta við að verkafólk skilji ekki kröfuna og af því að hún sé ævintýrapólitík.
STÉTTABARÁTTAN birtir hér grein, sem skrifuð var fyrir 40 árum og fjallar um baráttuna fyrir 8 stunda vinnudegi. Hún sýnir ljóslega hversu djúpt sokknir AB-kratarnir eru í stéttasamvinnu og svikapólitík. Og eins hversu harðákveðnir smákratarnir eru að fylgja í fótspor þeirra.
Kommúnistaflokkurinn er eina stjórnmálaaflið á Íslandi, sem hefldur fána baráttunnar gegn kjaraskerðingunum á lofti. Um hann verður íslenskur verkalýður að fylkja sér í baráttunni gegn fasistiseringu ríkisvaldsins og kjaraskerðingarárás auðvaldsins.

Styttri vinnudagur er krafa sem er jafngömul verkalýðsstéttinni. Hún skildi fljótt að það er höfuðskilyrði fyrir aukinni menningu og heilbrigði hins vinnandi mannkyns.
Á stofnþingi Alþjóðasambands jafnaðarmanna 1889, var styttíng vinnudagsins eitt helsta umræðuefnið, og þar var fyrst ákveðin alþjóðleg barátta fyrir 8 stunda vinnudegi.
Þessi barátta hefur fært verkalýðnum sigur í mörgum löndum, þar sem 8 stunda vinnudagurinn hefur verið lögfestur. Þannig er það í flestum löndum siðmenningarinnar. Sums staðar hefur þó verkalýðurinn orðið að beita hörðum átökum til að knýja fram þessa kröfu, t.d. í Belgíu með allsherjarverkfalli.
Í ríki alþýðunnar - Sovétlýðveldunum - er vinnudagurinn almennt 7 stundir og 6 við erfiðari vinnu og aðeins 5 daga vinnuvika.
Þegar hið stöðuga atvinnuleysi varð almennt fyrirbrigði í auðvaldsheiminum fékk krafan um styttingu vinnudagsins nýtt inntak, enda er 7 tíma dagvinna orðin ekki óalgeng í sumum iðngreinum erlendis.
Í engu siðmenningarlandi er jafnlangur vinnudagur og hér á landi, enda hefur baráttan fyrir styttingu hans staðið harðast undanfarinn áratug. Og talsverður árangur hefur náðst.
Í nokkrum iðngreinum hafa verkamennirnir (prentarar, verksmiðjufólk ofl.) öðlast 8 stunda vinnudag. Á Siglufirði er unnið 8 tíma í bæjarvinnu og í verksmiðjum. Mikill meirihluti verkalýðsstéttarinnar á Íslandi vinnur 9-10 tíma á dag, en sjómenn miklu lengur, 16 tíma (á togurum) og enn lengur.
Á mörgum þingum Alþýðusambandsins hefur stytting vinnudagsins verið til umræðu. Hefur fulltrúum á þinginu jafnan komið saman um að stytting vinnudagsins væri einhver mikilvægasta krafa verkalýðsins, bæði í menningarlegu tilliti og eins sem gagnráðstöfun á móti sívaxandi atvinnuleysi. Hafa þing Alþýðusambandsins hvað eftir annað ákveðið að hefja skipulagða baráttu til að hrinda 8 stunda vinnudeginum í framkvæmd. Í fyrravetur átti róttækari hluti Dagsbrúnar frumkvæði að því að félagið framkvæmdi þessa lífsnauðsynlegu kröfu. Og verkamenn í Hafnarfirði ákváðu í félagi sínu að stytta vinnudaginn í 8 tíma, í trausti þess, að hin sterka Dagsbrún gerði hið sama. Fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla um málið í Dagsbrún. Stjórn Dagsbrúnar reyndi eftir megni að letja félagsmenn og Alþýðublaðið reyndi frekar að tefja málið (neitaði um rúm fyrir greinar um það).
Stjórn félagsins hélt því fram, að Dagsbrún gæti ekki lagt út í deilu um þetta mál og reið það baggamuninn. Málið var svæft um eitt ár. Á síðasta fundi Dagsbrúnar neitaði stjórnin að bera fram tillögu þess efnis, að allsherjaratkvæðagreiðsla væri á ný látin fara fram um 8 stunda vinnudag með sama dagkaupi. Neitaði formaður að bera hana upp. Hér má auðvitað ekki láta staðar numið. Íslenski verkalýðurinn á það góð samtök og öflugan stéttarþroska, að enginn ástæða er til að hann haldi áfram að vinna 9-16 klst. á dag, þegar stéttarbræðurnir í nágrannalöndunum vinna 8 stundir og stundum minna með sama eða hærra dagkaupi. En vegna atvinnuleysisins verður þessi barátta að hefjast sem fyrst. Það myndi skapa atvinnu fyrir fjölda verkamanna.

(Þjóðviljinn 13. jan. 1937)



Í stuttu máli: V-Þýskur kommúnisti hverfur sporlaust í A- Þýskalandi.

Laugardaginn 12. febrúar fór 22 ára gamall vesturþýskur kommúnisti frá heimili sínu á Neuminster. Förinni var heitið til V-Berlínar og síðan A-Berlínar. Það þarf ekki að orðlengja það frekar að síðan hefur ekkert til hans spurst. Bernd Hübner en svo heitir maðurinn, er félagi í Kommúnistaflokki Þýskalands m-l, sem starfar jafnt í Vestur sem Austur Þýskalandi. Sem sannir fulltrúar fasisma af Hitlersgerðinni eru leppar sovésku sósíalheimsvaldastefnunnar í A-Þýskalandi ákafir hatursmenn kommúnismans. Þess vegna eru kommúnistar ofsóttir meir en nokkrir aðrir skoðanahópar sem stjórnvöld hafa andúð á og á meðan vesturþýskir burgeisar spígspora óáreittir um stræti og torg, er kommúnistum varpað í fangelsi, þar sem þeim er haldið í algerri einangrun, án bóka og án frétta frá umheiminum. Annað slagið er skæru ljósi varpað í fangaklefann til þess að varna fanganum svefns. Slík er meðferð á kommúnistum í þessu "alþýðulýðve'di".
Nú mætti ætla að v-þýsk yfirvöld, sem ávallt hafa verið reiðubúin til að vatna músum yfir óförum Solsjenitsjin og öðrum slíkum, láti málið til sín taka. En, -ónei, þau hafa verið ófáanleg til að skipta sér af þessu. Bernd Hübner er nefnilega kommúnisti.



ASÍ "safnar liði" gegn baráttu verkalýðsins!

Í blaðaúrklippunum hér fyrir neðan má sjá tvær gerólíkar afstöður til komandi kjaraátaka. Annars vegar má sjá afstöðu launþegans, sem stendur í hita baráttunnar fyrir bættum lífskjörum. En hins vegar er afstaða Ólafs Ingólfssonar og "Verkalýðsblaðsins", sem eru algerlega sammála ASÍ-broddunum.
Kjör verkafólks á Íslandi hafa verið skert svo heiftarlega á undanförnum árum, að daglaun þorra launþega duga einfaldlega ekki fyrir lifibrauði. Þess vegna er baráttan fyrir 40stunda vinnuviku á lífvænlegum launum svo ríkjandi krafa alls verkalýðs og vinnandi alþýðu á Íslandi í dag. Gegn þessari réttlátu kröfu verkalýðsins snýst ASÍ-forystan með sama lúalega blekkingarleikinn og áður en nú í búningi 100þús. kr. "kröfunnar". En hún er nákvæmlega sama blekkingin og 38%"krafan" fyrir síðustu samninga. Og þennann blekkingarleik gerir bæði fylkingin, EIK-, og Ólafur Ingólfsson að sínu höfuð BARÁTTUMÁLI. - Það er því ljóst, að í komandi átökum mun verkalýðurinn og flokkur hans, KFÍ-ML ekki aðeins eiga í höggi við svik ASÍ-forystunnar heldur verður nú einnig að snúast gegn þeim liðstyrk sem þeim og auðvaldinu hefur nú borist, baráttu verkalýðsins til tjóns en öllum óvinum hennar til óblandinar ánægju.

150 þúsund á mán. algjört lágmark

segja starfsstúlkur í kaffiteríunni á Hótel Loftleiðum

...meðalfjölskyldu að vera til þess að hægt sé að lifa af þeim?" Spurningunni svöruðu sex manns. Þrír þeirra töldu að komast mætti af með 100 þús. á mánuði en hinir þrír álitu að ekki nægði minna en 130-160 þús. á mán. fyrir því allra nauðsynlegasta.

— Hvernig líst þér á kröfu verkalýðshreyfingarinnar að



krefjast 110 þúsund króna lágmarkslauna?
— Hvað er það?
Þetta voru lokaorð Guðrúnar og greinilegt var á henni að henni fannst sú tala alltof lág. Hún lét líka þau orð falla að það væri sjálfsagt að fólk segði meiningu sína um kjaramálin umbúðalaust og léti ekki bara verkalýðsforingjana um það.

Þá eru mörg dæmi um það hve ófær flokkurinn er um að skoða vandamálin raunhæft og vilja hlaupa yfir mörg stig í baráttunni. "Byltingaróþreyja" þeirra lýsir sér þannig í því að flagga stöðugt "byltingarsinnuðum" frösum og kröfum.
Krafa þeirra um "lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku (sem þýðir 150 þús. kr. í mán.kaup - skattfrjálst) er eitt gleggsta dæmið um þetta, því hver sem skoðar ástandið raunhæft sér að verkalýðnum verður ekki fylkt að baki þessari kröfu eins og málum er nú háttað.



:AFSTAÐA LIÐHLAUPANS OG EIK.:
Ólafur Ingólfsson og "Verkalýðsblaðið" kjósa að styðja ASÍ-BRODDANA og auðvaldið gegn baráttu verkalýðsins og gegn flokki verkalýðsins, KFÍ-ML.

Gjaldeyrissvindl fyrir 20 árum

Ýmsir kunna að halda að öll sú spilling í sambandi við pólitískar embættisveitingar, fjármálasvindl og annað sé nýtilkomið. E.t.v. er þessi spilling nú meiri en nokkru sinni fyrr. En flest eða allt fullorðið fólk man þó betur. STÉTTABARÁTTAN rifjar nú upp í þessu blaði nokkra punkta úr miklu svindlmáli sem dótturfyrirtæki SÍS, Olíufélagið h/f og Hið íslenska steinolíufélag, áttu aðild að. Vilhjálmur Þór, bankastjóri, var viðriðinn málið ásamt hernámsliðinu sem hefur aldrei verið við eina fjölina fellt gagnvart íslenskum lögum.

Tímabilið 1952-1958 smygluðu Olíufélagið h/f (Esso) og Hið íslenska steinolíufélag (HÍS) varningi fyrir geysimikið fé. Ráðamenn hersins kvittuðu fyrir móttöku svo að þannig leit út sem að herinn ætti að fá þetta. Hernámsliðið átti enga tolla að greiða og var þannig notað við lögbrot.
Í þessari tilkynningu frá umboðsdómurunum Gunnari Helgasyni og Guðm. Ingva Sigurðssyni 30. okt. 1959, segir svo: "Rannsókn máls þessa er mjög umfangsmikil. Var því brugðið á það ráð að brjóta málið niður í þætti og rannsaka hvern um sig eftir því sem kleift þykir svo sem innflutning og sölu fyrirtækjanna á flugvélaeldsneyti, gasolíu, motorbensíni og smurningsolíu. Aðrir þættir rannsóknarinnar beinast gjaldeyrisviðskiptum, öflun gjaldeyris og skilum á honum, olíubirgðageymum og olíuleiðslum, innflutningi bifreiða, alls kyns. tækja, véla, varahluta, frostlagar, ísvarnarefnis og terpentínu.
Þann 9. apríl 1952 spurðist HÍS fyrir um hvort HÍS mætti flytja inn tollfrjálst tæki til afgreiðslu á flugvélabensíni og öðrum olíuvörum til varnarliðsins. Þetta leyfi var aldrei veitt. Engu að síður hófust HÍS og Olíufélagið h/f (Esso) handa um innflutning tækja, véla strax sama ár án þess að greiða toll af varningnum. Þannig að fylgisskjöl öll voru stíluð á varnarliðið eða erlenda verktaka á Keflavíkuflugvelli. M.a. voru fluttar inn þannig 3 bensínafgreiðslubifreiðar, 11 tengivagnar til afgreiðslu á smurolíu o.fl. til flugvéla, 20 dælur til afgreiðslu á mótorbensíni, 19 dælur til afgreiðslu á flugvélaeldsneyti, varahlutir alls konar, 216.703 pund af frostlegi, 350 tunnur af terpentínu og jafnvel eitthvað áfengi"
Í skýrslu umboðs- og rannsóknardómaranna þann 18. des. 1959 kom eftirfarandi m.a. fram: "Til kaupa á þeim varningi sem frá er greint í fréttatilkynningu 30. okt. s.l. varð það að ráði árið 1953 milli þáverandi framkvæmdarstjóra HÍS og bandaríska fyrirtækisisn Esso Standard Oil Co. að stofnaður skyldi reikningur hjá því. Reikningur þessi bæri heitið "Special Account nr. 4138 (sérstakur reikningur). Inn á þennan reikning skyldi renna hvern mánuð 4000 dollarar sem teknir skyldu af þeim fjárhæðum sem Esso innheimti mánaðarlega fyrir HÍS og Olíufélagið h/f vegna sölu á eldsneyti, olíu og smurningsolíu til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.
Hverju sinni voru útbúnir 2 reikningar fyrir innheimtuna. Annar var 4000 dollurum lægri en hinn. Sá fór í bókhald HÍS. Hinn var sendur Esso til innheimtu í Washington. Þessum reikningi HÍS, nr. 4138, var haldið vendilega leyndum fyrir gjaldeyriseftirlitinu". Og ekki sakar að geta þess í framhjáhlaupi að þessi aðferð er mjög iðkuð í öllum viðskiptum við útlönd. Erlendu aðiljarnir gefa út of háa nótur og með þeim hætti geta heildsalar smyglað úr landi fé sem þeir leggja á leynilega bankareikninga erl.
Við þetta mál var Vilhjálmur Þór þáverandi æðsti yfirmaður íslenskra efnahagsmála riðinn. Hann var lengi stjórnarformaður Olíufélagsinsh/f og hlýtur sem slíkur að hafa haft einhverja hugmynd um hvað félögin voru að gera. Samkvæmt hlutafélagalögum er framkvæmdarstjóri skyldugur til þess að bera gerðir sínar undir stjórn félagsins. Þetta var ekki í fyrsta skipti, sem ráðamaður hefur verið viðriðinn fjármálahneyksli og ekki hið síðasta. Það mun loða við þar til gróðahyggjuöflunum hefur verið steypt af stóli og við hefur tekið stjórn sem hefur hagsmuni verkamanna og vinnandi fólks að leiðarljósi.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
12. tbl. 6. árg. 5/4 1977.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Landbúnaðarmál

Sjötta grein

Þjóðnýting afrétta

Hver á landið? Eru það fáeinir einstaklingar, 5000 bændur eða þjóðin öll? Oft er þessa spurt. Á undanförnum árum hafa Alþýðuflokkskratarnir oft borið fram tillögur um "þjóðnýtingu" afréttanna sem nú eru flestir í formlegri eign einhverra bænda eða upprekstrarfélaga. Einstaka hluta hafa þó auðugir atvinnurekendur eða bankastjórar þegar krækt í. Helsti talsmaður þessa hugðarefnis Alþýðuflokksins heitir Bragi Sigurjónsson. Hann er bankastjóri á Akureyri. Alþýðuflokkurinn kennir þetta þjóðnýtingaráform sitt við sósíalisma þrátt fyrir það að Alþýðuflokkurinn hafi ekkert við einkaeign að athuga í öðrum framleiðslugreinum, svo sem fiskiðnaði þar sem fáeinir einstaklingar eiga fyrirtæki þar sem tugir, hundruð og þúsundir manna vinna. Hann jarmar einungis um "atvinnulýðræði". En þjóðnýting afréttanna á heldur lítið skylt við sósíalismann. Það er aðalsmerki sósíalismans að vinnandi fólk ráði sjálft yfir framleiðslu- og atvinnutækjum sínum. Enda þótt afréttir séu ekki framleiðslutæki í þrengsta skilningi þess orðs eru þeir sauðfjárbændum nauðsynlegir til framleiðslunnar. Ætti Alþýðuflokkurinn með allt sitt hjal um atvinnulýðræði að halda sér saman.

Í raun má segja að þjóðin eigi landið þar með talda afréttina og mannkynið eigi jörðina. Hins vegar er það bændunum nauðsynlegt að hafa full yfirráð yfir afréttum sjálfir. Þetta er því í rauninni aðeins spurningin um það hvort bændurnir eigi landið við núverandi kringumstæður eða hvort þeir stjórna því í umboði þjóðarinnar.

"Þjóðnýting" Alþýðuflokksins miðar hins vegar að því að taka yfirráðin úr höndum bændanna og færa þau í hendur ríkisvaldinu þar sem samningavaldið hefur tögl og hagldir. Gegn þjóðnýtingu afréttanna hljóta því bændur og verkamenn að taka höndum saman því að hún eykur aðeins völd atvinnurekendastéttarinnar.

Filippseyjar: Byltingaröflin í sókn

Þeir sem náið hafa fylgst með fréttum á síðasta ári munu e.t.v. eftir fréttum um víðtækar og örvæntingarfullar ráðstafanir fasistastjórnarinnar á Filippseyjum til að kveða niður "vopnaðar sveitir maóista" einsog það heitir í borgarapressunni, og greint hefur verið frá handtöku nokkurra leiðtoga Kommúnistaflokks Filippseyja. En þrátt fyrir að fasistastjórn Ferdinands E. Marcos hafi tekist að veita byltingarhreyfingunni nokkurn áverka, fer því víðsfjarri að hún hafi verið kveðin í kútinn, þvert á móti hefur hún eflst um allan mun eftir þessa eldraun og er nú færari en nokkru sinni fyrr að leiða byltinguna til sigurs.

Ferdinand E. Marcos komst til valda árið 1965, og 1972 kom hann á fasistastjórn sem hefur farið með öll völd í landinu síðan, studd af byssustingjum bandarísku heimsvaldastefnunnar. Samkvæmt því sem stjórnarvöld gefa upp hefur bein hernaðaraðstoð Bandaríkjanna numið 530 millj. dala og síðan 1972 hefur sú aðstoð tvöfaldast. Þegar í byrjun árs 1973 gengu 2 herfylki (800 manns) bandarískra hermanna á land á eyjunni Panay, og að hausti þess sama árs var fyrstu napalmsprengjunum varpað á Mindanao. Enn eru í landinu 2200 bandarískir hermenn, sem höfðu þar bækistöð meðan stríðið stóð í Indó-Kina.

Verkalýður Filippseyja býr við mikla kúgun. Vinnutíminn er langur, kaupið lágt, atvinnuleysi landlægt og verðbólga með eindæmum.

Ein helsta "efnahagsráðstöfun" stjórnvalda er að smala fólkinu saman í þrælavinnubúðir þar sem það fær að strita kauplaust fyrir "náð og miskunn" yfirvalda. En stéttarvitund verkafólks fer líka vaxandi einsog 10.000 manna ganga 1. maí undir leiðsögn Kommúnistaflokksins sýnir.

Kommúnistaflokkur Filippseyja var stofnaður um áramótin 1968/1969. Hann hefur frá upphafi haldið tryggð við grundvallaratriði marx-lenínismans og aðlagað þau sérstökum aðstæðum heimalands síns. Flokkurinn hefur slegið því föstu að bændamálið sé höfuðvandamál nýlýðræðislegu byltingarinnar. Í sveitahéruðunum er lögð höfuðáhersla á að vinna smábændurna og öreiga og hálföreiga til fylgis við byltinguna undir forystu verkalýðsins ásamt lægri lögum millibændanna. Stærri bændur eru gerðir óvirkir pólitískt, en barist gegn lénsherrunum, stórjarðeigendum og harðstjórum. Það eykur enn mikilvægi bændamálsins að mestur hluti verkalýðsins á uppruna sinn í bændastétt svo auðvelt reynist að koma á sterkri samstöðu verkalýðs og bænda.

Árangursrík barátta "Nýja alþýðuhersins" og þjóðlegu Einingarfylkingarinnar undir forystu Kommúnistaflokksins sýnir og sannar að greining KFF er rétt, gagnstætt kenningum endurskoðunarsinna og trotskista sem afneita byltingarsinnuðu hlutverki bændastéttarinnar, og einangra baráttuna við borgirnar, þar sem staða fasistastjórnarinnar er sterkust.

KFF hefur alltaf lagt áherslu á að ráðast eigi á andstæðinginn þar sem hann er veikastur, og það er hann einmitt í sveitahéruðunum þar sem hin ákjósanlegustu skilyrði skapast fyrir vopnaða baráttu. Vopnuð barátta er nú þegar orðin samfelld á eyjunni Luzon og er óðum að taka á sig mynd raunverulegs frelsisstríðs, - frelsisstríðs sem aðeins getur endað á einn veg - með sigri alþýðunnar.

Barátta sjómanna: Rauntekjur togarasjómanna

Hér á eftir birtist seinni greinin af tveimur um kjör sjómanna á stórum togurum. Þessi grein tekur fyrir kjör undirmanna og er að mestu leyti byggð á gögnum frá sjálfu Landsambandi Íslenskra útvegsmanna (Skýrsla nr. 1/1977, 7. feb. Í skýrslunni er að finna "yfirlit yfir aflamagn, aflaverðmæti og úthaldsdaga togara (stórra og lítilla) árið 1976". Með því að nota þessa skýrslu og kjarasamninga FÍB og Sjómannasambandsins má fara mjög nærri um raunveruleg kjör undirmanna.

Nú eru 16 stórir togarar á landinu og eru níu þeirra frá Reykjavík (RE), fimm frá Akureyri (EA) og tveir frá Hafnarfirði (GK). Með þessari grein fylgir tafla með nöfnum allra þessara togara ásamt upplýsingum um jafnaðartímakaup háseta og annars matsveins á skipunum og einnig hvaða árstekjur þeir hefðu ef þeir slepptu aldrei túr. Það ætti þó að vera ljóst að slíkt er útilokað og eiga sjómenn heimtingu á að kjör þeirra séu það góð að þeir geti tekið 3 - 4 mánaða frí á ári svo þeir geti notið sömu hvíldar og aðrir launþegar.

Tekjurnar sem birtar eru í töflunni eru þannig fengnar að 0,78% er tekið af skiptaverðmæti og bætt ofan á grunnlaunin en við áætlun að 66 þús hafi verið meðalgrunnlaun 1976 og er það síst of lágt áætlað (Grunnlaun voru 52þús. 1.3.'76 en fóru í tæp 80þús. 1.3.'77). Einnig er tekið tillit til 36 tíma löndunarfría milli túra og fleiri smærri atriða er máli skipta.

Rauntekjur sjómanna eru þó ekki nema í mesta lagi 75% af þessari upphæð því þeir fá alls engar greiðslur ef þeir sleppa túr. Vegna erfiðrar vinnu og fjarveru frá fjölskyldum taka sjómenn sér frí af og til svo fremi þeir hafi efni á því. Fyrir þann tíma fá þeir engar greiðslur og eru afskráðir um leið. Ríkisvaldið notfærir sér þetta og gefur þeim engan skattaafslátt fyrir þann tíma.

Vinnutímann þarf að stytta.

Tekjur togarasjómanna byggjast í dag einvörðungu upp á löngum vinnutíma. Vinnuvikan er 84 klst. á viku eða tvær 6 stunda vaktir á sólarhring. KFÍ (ml) tekur því heilshugar undir kröfur togarasjómanna um að á sérhvern togara sé ráðin ein og hálf áhöfn þannig að menn geti sleppt þriðja hverjum túr án þess að eiga á hættu að missa sitt pláss. Sá hluti áhafnar sem væri í landi hvert sinn héldi þá óskertum grunnlaunum og aflahlut.

Áróður borgaranna.

Því er óspart haldið fram af borgurunum að kjör sjómanna hafi batnað um 30% á síðasta ári. Réttara væri þó að segja að launin hafi verið á mörkum þess að halda í við verðbólgu síðasta árs. Kjör sjómanna á stóru togurunum voru líka það slæm 1975 að vonlítið hefði verið að manna togarana ef þau hefðu enn verið skert. En hvað sem öllum "kjarabótum" togarasjómanna líður þá er ljóst að meðal skiptaverðmæti á dag hækkaði úr 200 -400 þús. 1975 í 400-600 þús 1976. Eða með öðrum orðum, uppgefnar greiðslur fiskkaupenda til útgerðar hækkuðu um 50% á árinu. Hver ætli hafi hagnast mest á verðbólgunni?

/Rvk. 31.3.'77



Togari	Árslaun undirmanna.	Jafnaðartímakaup fyrir 12 stunda vinnudag
Guðsteinn GK	1.967M	493
Júní GK	2.127M	520
Bjarni Ben. RE	1.986M	483
Engey RE	1.856M	483
Hrönn RE	1.840M	479
Ingólfur ARnars. RE	2.187M	515
KarlsefniRE	(1.087M)	460
Narfi RE	1.663M	403
Snorri Sturlus. RE	2.139M	504
Vigri RE	2.234M	565
Ögri RE	2.607M	594
HarðbakurEA	2.552M	592
Kaldbakur EA	2.478M	575
SléttbakurEA	2.282M	543
Sólbakur EA	(1.174) M	466
Svalbakur EA	1.698M	389
Meðaltogari"	2.130M	504

Ath. Karlsefni RE og Sólbakur EA voru aðeins með um 200 úthaldsdaga á árinu og eru því ekki reiknaðir með þegar meðalárskaup er fundið.

Ævintýrið

Sumarloðnuveiðin komst í 70 þúsund tonn í nótt: dagblað
Hásetarnir grípa milljón á þrem mánuðum - Sigurður RE hæstur með um 9 þús tonn
Hásetahluturinn á þriðja hundrað þús. á sólarhring

Raunveruleikinn

Togari einn seldi erlendis nú fyrir skömmu 100 tonn fyrir 11 milljónir kr. sem er góð sala. Hásetahlutur er 155 þús. Veiðiferðin tók um 1 mánuð, laun fyrir 12 klst. vinnu á dag í 30 daga er 5100 kr.

Hvaða önnur stétt hefur svo lág laun fyrir hliðstæða vinnu?

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað